

Viðauki C.5 - Opinberar samkeppnishömlur

Ein tilgáta samkeppnismatsins snýr að því hvort og þá hvernig regluverk eða framkvæmd stjórnvalda geti haft skaðleg áhrif á samkeppni á eldsneytismarkaðnum. Vegna þessa þykir rétt að kynna stuttlega valdheimildir eða úrræði Samkeppniseftirlitsins gagnvart öðrum stjórnvöldum, þ.á m. löggjafanum, telji eftirlitið athafnir eða lög fari gegn markmiðum samkeppnislaganna eða torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum.

Gildissvið samkeppnislaga tekur til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum, sbr. 2. gr. laganna. Meðferð á opinberu stjórnsvísuvaldi fellur utan framangreindrar afmörkunar á atvinnustarfsemi.⁶⁹ Þó er það meðal hlutverka Samkeppniseftirlitsins að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, sbr. einnig 1. gr. málsmeðferðarreglna nr. 880/2005. Valdheimildir Samkeppniseftirlitsins gegn opinberum samkeppnishömlum eru þó um margt ólíkar þeim íhlutunum sem heimilt er að grípa til gagnvart aðilum sem sinna atvinnustarfsemi í skilningi 2. gr. samkeppnislaganna.⁷⁰

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna kveður á um að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Þá getur Samkeppniseftirlitið gefið út sérstakt álit ef Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laganna og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því álitu, sbr. 18. gr. samkeppnislaganna. Álit samkvæmt 18. gr. skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra. Þetta álit er ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi ráðherra en Samkeppniseftirlitið getur fylgt eftir álitinu, sbr. fyrrgreinda 24. gr. reglna nr. 880/2005, sbr. 4. gr. reglna nr. 924/2007 um breytingar á málsmeðferðarreglum nr. 880/2005.⁷¹

⁶⁹ Þá skal hafa í huga að aðrar grundvallarreglur samkeppnislaga ná til opinberra aðila jafnt og annarra aðila að því tilskildu að um sé að ræða atvinnustarfsemi sem fellur undir gildissviðsreglur laganna. Opinberir aðilar sem uppfylla þau skilyrði eru því ekki undanþegnir bannreglum samkeppnislaga um samráð við keppnauta og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Með öðrum orðum gilda sömu samkeppnisreglur um opinber fyrirtæki og einkafyrirtækis svo fremi sem ekki er mælt fyrir um annað í sérlögum.

⁷⁰ Má benda á að frekari umfjöllun um opinberar samkeppnishömlur er að finna á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins: <http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/opinberar-samkeppnishomlur/>.

⁷¹ Til viðbótar má nefna að Samkeppniseftirlitinu er heimilt að mæla fyrir fjárhags- og stjórnunarlegum aðskilnaði samkvæmt 14. gr. samkeppnislaga, þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar. Þess háttar aðskilnaður er annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar